Morgunblaðið

STOFNAÐ 1913 | 16. TBL. 92. ÁRG. LAUGARDAGUR 17. JANÚAR 2004 PRENTSMIÐJA ÁRVAKURS HF. | mbl.is


Mikið Íslandsár

Jane Campion kynntist Íslendingum og íslenskri menningu | **Fólk**



Lesbók og Börn í dag

LESBÓK | Hin mörgu líf Lee Miller ▶Samtal við John Mortimer ▶Sýning Elíasar Hjörleifssonar **BÖRN** | Foreldrar með börnum sínum í tónlistarnámi ▶Viltu verða geimfari?



Kveðst vera saklaus

Santa Maria. AP. AFP.

POPPSTJARNAN Michael Jackson lýsti sig saklausan af að hafa beitt ungan dreng kynferðislegu ofbeldi er hann mætti fyrir rétt í Santa Maria í Kaliforníu þar sem ákæra á hendur honum var þingfest í gær. Dómarinn skammaði Jackson fyrir að mæta 20 mínútum of seint. Ákveðið var að bráðabirgðayfirheyrslur færu fram föstudaginn 13. febrúar.



Jackson kvaðst saklaus af öllum ákæruatriðum en viðurlög við hverju þeirra eru 3–8 ára fangelsi. Hann lýsti sig einnig saklausan af því að hafa gefið drengnum áfengi.

Þúsundir aðdáenda auk fjölda fjölmiðlafólks hafði safnast saman fyrir utan dómshúsið, sumir höfðu gist þar um nóttina. Sextíu aðdáendur fylgdust með inni í salnum en dregið var um hverjir fengju að vera viðstaddir. Margir klæddust bolum þar sem þeir lýstu yfir stuðningi við goðið og heyra mátti ekkasog. Þá var miðum dreift fyrir utan dómshúsið þar sem aðdáendum var boðið að koma á búgarð Jacksons, Neverland, í gærkvöldi og þiggja hressingu. Eftir að hafa komið fyrir dómara stökk Jackson upp á glæsibifreið og dansaði fyrir aðdáendur sína.

Ökumenn í erfiðleikum í ófærð og hálku

LÖGREGLAN í Reykjavík setti björgunarsveitir í viðbragðsstöðu vegna ófærðar í efri hverfum borgarinnar seint í gærkvöldi. Aksturssskilyrði voru farin að versna umtalsvert á suðvesturhorni landsins í gærkvöldi í austanstormi og ofankomu. Flugmenn Flugleiðavélar á leið frá London ákváðu að lenda á Egilsstöðum vegna veðurs á Keflavíkurflugvelli.

Veðurstofa Íslands beinir því til skíða- og vélsleðafólks að vera ekki á ferð, þar sem snjóflóð geta fallið. Viðvörunin er gefin út vegna hvassviðris og ofankomu undanfarna daga og ótryggra snjóalaga.

Hrina árekstra reið yfir Reykjavík síðdegis í gær þegar mikil hálka kom ökumönnum í opna skjöldu. Vel á annan tug árekstra höfðu orðið um kl. 22.30. Á Kringlumýrarbraut skapaðist vandræðaástand þegar nokkrir árekstrar urðu þar með skömmu millibili.

Seinheppnir strípalingar

Spokane. AP.

ÞRÍR pörupiltar lentu illa í því er þeir hugðust hrekkja gesti á veitingahúsi í borginni Spokane í Washington-ríki, með því að hlaupa naktir í gegnum staðinn og hverfa svo á braut. Komu þeir inn í skóm einum klæða og með húfur á höfði en brá heldur betur í brún þegar þeir sáu út um gluggann að flóttabílnum, sem þeir höfðu skilið eftir í gangi fyrir utan, var stolið á meðan. Voru þeir heldur lúpulegir þegar lögreglan sótti þá þar sem þeir biðu naktir í 11 gráða frosti á bílastæðinu. „Við erum alltaf að segja fólki að skilja ekki bílinn eftir í gangi," sagði talsmaður lögreglunnar.



Morgunblaðið/Sverrir

Ólafur Elíasson tók á móti blaðamönnum og öðrum gestum í Hafnarhúsinu í gær. Stærsta sýning hans hérlendis verður opnuð í dag.

Frostvirkni Ólafs

FROST Activity, eða Frostvirkni, er yfirskrift sýningar á verkum Ólafs Elíassonar sem opnuð verður í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi í dag kl. 16. Hún er stærsta sýning listamannsins á Íslandi til þessa og eru þar sýnd tvö ný verk; Frost Activity og Activity Horizon, auk tveggja ljósmyndasyrpa, safns módela af vinnustofu listamannsins og loks er þar einskonar vinnuherbergi fyrir gesti sýningarinnar.

Rætt verður við Ólaf í Tímariti Morgunblaðsins á morgun.

Stjórnandi Hamas „merktur dauðanum"

Jerúsalem. Washington. AP. AFP.

STOFNANDI Hamas-samtaka Palestínumanna, Sheik Ahmed Yassin, er „merktur dauðanum" eftir að liðsmaður þeirra varð fjórum Ísraelum að bana á miðvikudaginn var, að sögn aðstoðarvarnarmálaráðherra Ísraels, Zeevs Boims, í gær.

Boim dró þó í land síðar um daginn og sagði að ísraelsk stjórnvöld hefðu ekki ákveðið að ráða Yassin af dögum.

Bandarísk stjórnvöld vöruðu Ísraela við í kjölfarið og hvatti þá til að íhuga afleiðingar þeirra aðgerða sem þeir væru að hugleiða. Þúsundir Palestínumanna lýstu yfir stuðningi við Yassin á götum Gaza-borgar í gær.

„Óttumst ekki dauðann"

Yassin, sem er lamaður á höndum og fótum, reyndi ekki að fela sig í gær og var færður í hjólastól í mosku nálægt heimili sínu í Gaza-borg.

„Við óttumst ekki dauðann," sagði hann. „Við látum ekki undan þrýstingi og andspyrnunni verður haldið áfram þar til hernáminu lýkur."

Ísraelskir embættismenn komu saman í varnarmálaráðuneytinu í gær til að ræða hvernig bregðast ætti við sprengjutilræði Hamas á miðvikudaginn var. Einn sagði líklegt að haldið yrði áfram árásum á háttsetta Hamas-menn, eftir nokkurra mánaða hlé á tilræðunum.

Boim sagði í útvarpsviðtali að Yassin væri mikilvægt skotmark. „Sheik Yassin er merktur dauðanum og hann ætti að fela sig djúpt neðanjarðar þar sem hann sér ekki muninn á degi og nóttu. Við finnum hann í göngunum og gerum út af við hann." Síðar um daginn sagði Boim að ekki hefði verið ákveðið á fundinum í gær að ráða Yassin af dögum. Embættismenn í Jerúsalem staðfestu það.



Reuters

Sheikh Ahmed Yassin andlegur leiðtogi og stofnandi Hamas.

Viðskipti fruminnherja í Eimskipafélagi Íslands á þessu ári

Tvívegis ekki tilkynnt fyrirfram til regluvarðar

TVENN af sex viðskiptum fruminnherja með bréf Eimskipafélagsins á þessu ári voru ekki tilkynnt fyrirfram til regluvarðar félagsins, að sögn Magnúsar Gunnarssonar, stjórnarformanns Eimskipafélagsins. Hann segir að stundum sé það þannig að viðskiptin eigi sér stað rétt fyrir lokun og menn ekki náð saman. Hann telji þó að viðskiptin séu öll með eðlilegum hætti.

Sigríður Hrólfsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Eimskipafélagsins, segir að eitthvað hafi verið um að viðskipti fruminnherja með bréf Eimskipafélagsins hafi ekki verið tilkynnt til regluvarðar félagsins fyrir upphaf þessa árs. Upplýsingar um fjölda þeirra viðskipta hafi hún þó ekki. Þá hafi hún heldur ekki upplýsingar um fjárhæð þeirra viðskipta sem ekki hafi verið tilkynnt um fyrirfram til regluvarðar. Hún segir að reglan um það að fruminnherji þurfi að tilkynna til regluvarðar fyrirfram sé nýleg, og hún sé að síast inn hjá þeim sem við eigi hjá félaginu.

Að sögn Sigríðar setti Eimskipafélagið sér ákveðnar reglur um innherjaviðskipti hinn 31. júlí sl. Þær reglur séu í samræmi við gildandi lög um verðbréfaviðskipti og leiðbeinandi tilmæli frá Fjármálaeftirlitinu og hafi reglurnar verið samþykktar af Fjármálaeftirlitinu.

Viðurlög eru stjórnvaldssektir

Í lögum um verðbréfaviðskipti nr. 33/2003 kemur fram að fruminnherji skal, áður en hann, eða aðili fjárhagslega tengdur honum, á viðskipti með verðbréf útgefandans, tilkynna það til regluvarðar félagsins. Regluvörður hefur eftirlit með því innan félags að reglunum sé framfylgt og um skráningu samskipta sem fram fara á grundvelli reglnanna.

Fjármálaeftirlitið getur, samkvæmt lögum um verðbréfaviðskipti, lagt stjórnvaldssektir á þann sem brýtur gegn ákvæðum laganna um innherjaviðskipti. Geta sektirnar numið frá 10 þúsund krónum til tveggja milljóna.

Fruminnherji er sá sem býr yfir innherjaupplýsingum vegna eignaraðildar eða hefur að jafnaði aðgang að slíkum upplýsingum vegna aðildar að stjórn, rekstri eða eftirliti eða vegna annarra starfa á vegum útgefanda verðbréfa.

Landsbankinn tekur undir gagnrýni

Greiningardeild Landsbankans telur að tímasetning innherjaviðskipta með hlutabréf Eimskipafélagsins sé óþægileg þar sem stjórn félagsins kunni að hafa búið yfir upplýsingum um kaupin þegar viðskiptin áttu sér stað. Þetta kom fram í markaðsyfirliti bankans í gær og hefur greiningardeildin þar með tekið undir gagnrýni greiningardeilda KB banka og Íslandsbanka frá því í fyrradag.

■ Meirihluti viðskipta/12